



FLÓAHREPPUR

# Ársskýrsla Flóaskóla 2023-2024



**20. starfsár skólans**

Hugur – Hjarta – Hönd



*Flóaskóli 2023-2024*

## Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar .....	2
2. Skólastarfið .....	2
3. Húsnæði og lóð .....	4
4. Skólaakstur .....	4
5. Samstarf .....	4
6. Faglegt starf og endurmenntun.....	5
7. Mat á skólastarfi .....	6



Flóaskóli 2023-2024

## 1. Almennar upplýsingar

Skólaárið 2023-2024 hófu 109 nemendur skólagöngu að hausti og í skólalok voru 110 nemendur skráðir í skólann. Lítil hreyfing varð á nemendafjölda yfir veturinn. Hún kom helst til vegna nemenda sem komu til okkar frá Grindavík í nóvember, en einnig vegna flutninga nemenda. Alls voru það fjögur börn sem komu frá Grindavík, tvö voru til áramóta og hin tvö fóru um miðjan janúar.

Fimm starfsmenn létu af störfum við skólann eftir skólaárið 2022-2023, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, verkefnastjóri, kennari og stuðningsfulltrúi. Tveir fóru í leyfi skólaárið 2023-2024, skólaritari og stuðningsfulltrúi. Þær sögðu svo stöðum sínum lausum í maí 2024.

Námsráðgjafi sem starfaði við skólann í 20% starfi sagði upp störfum og í nóvember var ráðinn inn annar námsráðgjafi í sama stöðuhlutfall.

Fyrir skólabyrjun 2024 voru ráðnir tveir kennarar og skólastjóri. Þá var ráðinn skólaritari vegna námsleyfis starfandi ritara. Í ágústbyrjun var ráðinn almennur starfsmaður í 80% starf og um áramót var annar ráðinn í 50% starf. En það kom til vegna breytinga á fyrirkomulagi frímínútna. 1.mars hætti einn kennari störfum en sú staða var leyst til vors.

Í desember fór matráður skólans í veikindaleyfi, ráðinn var annar matráður sem sinnti því starfi út skólaárið.

Nýtt stjórnendateymi var við skólann, nýráðinn skólastjóri, Þórunn Jónasdóttir, deildarstjóri og staðgengill skólastjóra, Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir í 70% starf og verkefnastjóri, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir í 30% starf. Þær höfðu báðar starfað sem kennarar við skólann.

## 2. Skólastarfið

Skólastarf skólaársins 2023-2024 hófst með skólasetningu miðvikudaginn 23. ágúst. Ýmsar hefðir hafa skapast í skólastarfinu gegnum árin og var haldið í þær flestar þetta skólaár. Þannig hófst haustið með útináms- og grenndarferðum nemenda, Olympíuhlaupi og Flóamóti.

Samkvæmt venju voru rifjuð upp gildi *Uppeldis til ábyrgðar* og unnir bekkjarsáttmálar í hverjum bekk. Viðfangsefnum og verkfærum uppeldisstefnunnar var svo fléttað inn í skólastarfið allan veturinn.

Samræmd matstæki sem unnið var með í skólanum voru *Lesfimi* og *Orðarún* og voru þau lögð fyrir nemendur yfir skólaárið. Lesfimi var lögð fyrir 2.-10. bekk í september og 1. bekk í október og síðan aftur fyrir alla nemendur í janúar og maí. Orðarún var lögð fyrir nemendur í 3.-8. bekk í október og mars. Annars byggði matið í skólanum á símati og ýmiskonar námsmatsverkefnum jafnt og þétt yfir skólaárið. Mentor var nýttur til að safna saman námsmatinu og þar var merkt við hæfniviðmið sem lögð voru til grundvallar í vinnu nemenda. Nemendur í 5.-10. bekk notuðu m.a. umhverfi Google classroom fyrir sína verkefnavinnu.

Nýtt verkefni var unnið með 10. bekk en það var samstarfsverkefni með Gudenåskolen í Danmörku. Þetta er Nordplus verkefni þar sem nemendur unnu saman að verkefnum tengdum náttúrufræði og voru í samskiptum gegnum þau yfir veturinn. Einnig skiptust hóparnir á vikulöngum heimsóknum. Í september komu dönsku nemendurnir í heimsókn í Flóaskóla og í apríl fóru 10. bekkingar til Danmerkur. Skólarnir fengu styrk frá Nordplus vegna verkefnisins.



## Flóaskóli 2023-2024

Leiksýningar eru fastur liður í skólstarfinu. Elsta stig reið á vaðið í október með leiksýningunni *Sjaldan er gill fyrir góðu nema úlfur á eftir renni*. Sýndar voru þrjár sýningar fyrir fullu húsi. Yngsta stig steig næst á svið í febrúar, þau settu upp hið sígilda leikrit *Emil í Kattholti*. Síðan setti miðstig upp sýningu í mars sem byggð var á Lion King þema, sveitaævintýri sem nefndist *Forysta fær*. Hin hefðbundna jólasýning 1.-6. bekkja var svo í desember.

Um fleiri verkefni hefur skapast hefð. Á haustmánuðum kom til okkar danskennari og kenndi öllum nemendum daglega í rúma viku, síðan var danssýning fyrir foreldra. Vinaleikar voru haldnir í tengslum við baráttudag gegn einelti. Ýmsar hefðir eru svo tengdar jólaundirbúningi s.s. vasaljósaganga í Kolsholti, kyndlaganga á lóð skólans, skreytingadagur, jólahringekja, stofujól og jóladískó. Royalkvöld nemenda í 7.-10. bekk var svo haldið undir vor, en það er einskona árs hátíð þar sem nemendur á elsta stigi bjóða verðandi 8. bekkja velkomna á elsta stigið.

Langspilsverkefni er eitt af því sem orðið er að hefð í skólanum, þetta var fimmta árið sem nemendur í 5. bekk bjuggu til langspil, lærðu að spila á þau og héldu svo langspilsvöku. Þetta árið var reyndar breytt út af vananum því nemendur í 6. bekk náðu ekki að ljúka sínum spilum árið áður og voru því með í verkefninu í þetta sinn. Svo varð framhald á langspilsverkefninu, Sinfóníuhljómsveit Íslands bauð hópnum að taka þátt í verkefni með sér og Listasafni Íslands. Ákveðið var að bjóða öllum nemendum í 5.-10. bekk sem áhuga höfðu að taka þátt í verkefninu og voru um 25 nemendur sem tóku þátt. Æfingar og skólasýningar voru í Hörpu á vorönn og nefndist sýningin *Fljúgðu klæði fljúgðu*. Verkefnið vakti mikla athygli og áframhald verður á samvinnu hljómsveitarinnar og Flóaskóla á komandi skólaári.

Ýmis þemu er hluti af skólstarfinu en á skólaárinu 2023-2024 voru tvö stór þemu unnin á sama tíma í öllum skólanum. Það fyrra var *Heimsmarkmiðapema* þar sem nemendur kynntu sér þau 17 heimsmarkmið sem unnið er út frá í flestum íslenskum grunnskólum, kynningar voru unnar á afrakstri vinnunnar og fengu foreldrar þær sendar í fréttabréfi. Inn í þetta verkefni fléttuðust markmið skólans um grænfána og heilsueflandi skóla. Seinna þemað var unnið út frá áherslum skólans á *Uppeldi til ábyrgðar* og nefndist *Óskaveröldin mín*, í því þema undirbjuggu nemendur kynningu og efni sem þeir notuðu svo í nemendastýrðum viðtölum sem haldin voru í febrúar.

Eitt af stærri verkefnum vetrarins var að vinna verkferla um notkun nemenda á sínum og snjalltækjum á skólatíma. Ákveðið var að hefja verkið á könnunum til allra foreldra, allra starfsmanna og allra nemenda í 4.-10. bekk. Unnið var úr þeim niðurstöðum og þær nýttar til að leggja grunn að vinnu á skólaþingi sem haldið var í byrjun desember. Á skólaþinginu voru allir nemendur í 5.-10. bekk, allir kennarar og þeir foreldrar sem gáfu kost á þátttöku, alls 10 foreldrar. Skólaráð fékk svo niðurstöður skólaþings og setti saman verkferil sem kynntur var foreldrum og nemendum í viðtölum í febrúar og eftir það var verkferillinn virkjaður.

Síðustu ár hefur elsta stig skólans farið í skíðaferð norður í land. Ákveðið var að gista tvær nætur þetta árið þar sem ferðin þótti hlutfallslega löng miðað við þann tíma sem gafst til skíðaiðkunar.

Heimsóknir í skólann eru hluti skólstarfs, eldvarnarfræðsla kom inn í 3. bekk, VR kom með fræðslu inn í 10. bekk, Tónlistarskóli Árnessýslu kom með kynningar inn í 2. bekk og svo kom List fyrir alla með sýningu fyrir yngsta stig sem nefndist *Pínulitla Mjallhvít*.

Skólahreysti er orðinn fastur liður í starfi skólans og mikill áhugi er meðal nemenda á öllum aldri á verkefninu. Skólinn tók þátt í keppninni í ár, vann sinn undanriðil og endaði svo á að vinna keppnina á landsvísu.

Hefð er orðin fyrir að taka þátt í *Stóru upplestrarkeppninni* í 7. bekk. Þetta árið varð sú breyting á að allir skólarnir í Uppsveitum Árnessýslu og Flóaskóli unnu saman að keppninni. Fyrst voru undankeppnir innan skólanna og síðan mættust fulltrúar hvers skóla í úrslitakeppni. Annar fulltrúi okkar varð í þriðja sæti í þeim úrslitum. *Litla upplestrarhátíðin* var svo haldin í 4. bekk en hún er undanfari Stóru upplestrarkeppinnar og einungis haldin í hverjum skóla fyrir sig.



*Flóaskóli 2023-2024*

Fjölskyldudagur var haldinn í maí, þá bauðst nemendum, fjölskyldum nemenda og starfsmönnum að koma á hestum í skólann. Síðan var dagskrá helguð útivist og hreyfingu í skólanum frá 10:00-13:00.

Skólaárið endaði svo með hefðbundnu sniði, vorferðum nemenda í nærsamfélaginu, þar sem nemendur í 6.-9. bekk gistu yfir nótt en yngri nemendur fóru í dagsferðir. Nemendur 10. bekkjar höfðu bætt sinni útskriftarferð við Nordplus Danmerkurferðina og fóru því einungis í dagsferð þetta árið. Síðasta skóladaginn var svo hið árlega íþróttamót elsta stigs sem endaði með fótboldaleik 10. bekkinga gegn starfsmönnum skólans. Skólaárinu lauk svo með skólaslitum 4.6.2024.

### 3. Húsnæði og lóð

Öll kennsla nema íþróttir og sund fóru fram í húsnæði Flóaskóla í Villingaholti. Íþróttir voru kenndar í Þingborg fyrir utan nokkrar vikur að hausti og vori þar sem kennt var úti við Flóaskóla. Sund var kennt á Laugalandi fyrir nemendur í 1.-4. bekk og á Hellu fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Mötuneyti skólans er í Þjórsárveri. Frá áramótum varð sú breyting á að ýmiskonar afþreyingartækjum, ss. biljardborði, fótboldaspili, pílukastsvæðum og borðtennisborðum var komið fyrir í salnum og á sviðinu í Þjórsárveri og nemendum á elsta stigi var boðið að verja frímínútum þar. Á svipuðum tíma voru sett upp hljóðdempandi tjöld í salnum.

Sú breyting varð á aðkomu að skólanum að allur akstur vélknúinna ökutækja annarra en skólabíla var bannaður á planinu við skólann frá 7:45-15:45 virka daga. Umferð var beint á planið við Þjórsárver.

Á skólaárinu var unnið að undirbúningi framkvæmda við skólahúsnæðið, sú áætlun er til nokkurra ára. Ákveðið var að fyrsti verkhluti kæmi til framkvæmda á árinu 2024 og um 20. maí komu fyrstu iðnaðarmenn á svæðið. Unnið var að stækkun á smíðastofu, heimilisfræðistofu og myndmenntastofu. Náttúrufræðistofu, bókasafni og vinnuaðstöðu starfsmanna var breytt vegna þessa. Auk þess var opnað út á útisvæði fyrir utan smíði og heimilisfræði. Þar stendur til að reisa skjólveggi og afmarkaða útikennslustofur. Auk þessa var farið í ýmsar smærri framkvæmdir ss. tilfærslu á starfsmannarýmum, starfsmannainngangi og bókasafni. Þá var planið við skólann lagfært og malbikað yfir þau svæði sem voru einungis með mól. Framkvæmdum er að mestu lokið í þessum fyrsta áfanga og áætlað er að ljúka honum fyrir áramót 2024.

### 4. Skólaakstur

Fimm skólabílar hófu akstur að hausti 2023. Miðað var við að hver bíll væri ekki lengur en 50 mínútur á sinni akstursleið. Aðeins þurfti að gera breytingar á leiðum vegna fjölgunar nemenda á yfir skólaárið og því voru ekki laus sæti fyrir alla nemendur á þeim leiðum sem upphaflega voru skipulagðar. Um áramót var ákveðið að semja við nýjan bílstjóra á litlum bíl til að ná að anna skólaakstrinum á leiðinni neðan Flóaskóla.

Skólabílunum var svo skipt niður á þann akstur sem þurfti að sinna yfir skóladaginn, akstur í íþróttir og sund og síðan í önnur tilfallandi verkefni.

### 5. Samstarf

Samstarf við fjölskyldur nemenda er alltaf stór þáttur í skólastarfi. Stjórn foreldrafélags Flóaskóla studdi vel við starf skólans á liðnu skólaári. Fjölskyldur mættu mjög vel á viðburði í skólanum og tóku virkan þátt í starfi



Flóaskóli 2023-2024

skólans. Á fölskyldudeginum bauð foreldrafélagið upp á sýningu frá Sirkus Íslands og við skólaslit var boðið upp á ís.

Skólaráð er samstarfsvettvangur skóla, heimila, nemenda og grenndarsamfélags. Nemendaráð nemenda á elsta stigi er í góðu samstarfi við kennara og skólastjórnendur og almennt er reynt að hafa virkt nemendalýðræði þar sem rödd nemenda fær að heyrast.

Flóaskóli er í samstarfi við marga aðila, má þar fyrst nefna samstarf við Leikskólann Krakkaborg. Þar er í raun um tvíþætt samstarf að ræða. Á skólaárinu var annarsvegar samstarf um skil milli skólastiga og einnig var um að ræða viðamikið þróunarverkefni, *Gullin í grenndinni* þar sem skólarnir í samstarfi við Skógræktarfélag Villingaholtshrepps fóru með nemendur í Skagás.

Skólinn er líka í samstarfi við framhaldsskólana á svæðinu, Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og Menntaskólann á Laugarvatni. Á skólaárinu var elstu nemendum skólans boðið í báða þessa skóla til að kynna sér framhaldsnám þar. Auk þess bauð FSu upp á valáfanga fyrir 10. Bekkinga og fóru þrír nemendur skólans í rafvirkjunaráfanga á vorönn. Gott samstarf var líka við stoðþjónustur beggja skóla.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings er samstarfsaðili Flóaskóla. Skólaþjónustan starfar á grundvelli reglugerðar nr. 444/2019 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum og skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Skólaþjónustan er stuðningur við nemendur og foreldra auk þess að styðja við starfsemi skólans og starfsfólk hans.

Samstarf Flóaskóla við skólana í Uppsveitum Árnessýslu snérist að mestu um Stóru upplestrarkeppnina skólaárið 2023-2024. Undirbúningur að þátttöku Flóaskóla í smiðjum á elsta og miðstigi var þó unninn á vorönn. Auk þess funduðu skólastjórnendur reglulega með SVÁ þar sem farið var yfir ýmsa þætti skólastarfsins, sameiginlegar áherslur, skipulag skólastarfs og ýmsa kennslufræðilega þætti.

Skólinn átti gott samstarf við nærsamfélagið á skólaárinu. Má þar fyrst nefna samstarf við Ungmennafélagið Þjótanda. Félagið var með æfingar sínar í samstarfi við skólann, haldið var Flóamót og skákmót í skólanum svo eitthvað sé nefnt. Kvenfélag Villingaholtshrepps gaf skólanum bókgjöf og almennt er velvilji nærsamfélagsins til skólans mikill og allir boðnir og búnir að rétta hjálparhönd ef leitað er eftir því.

Hefð er fyrir því að elstu nemendur skólans, 9. og 10. bekkur, fari í starfskynningar í nærsamfélaginu og víðar. Þetta samstarf við fyrirtæki hefur gengið mjög vel. 9. bekkingar fóru einn dag og mest innansveitar eða í nágrannasveitarfélög. 10. bekkur fór tvo daga og þá oft lengra að heiman, nokkrir fóru t.d. á höfuðborgarsvæðið. Nemendur settu fram óskir um hvert þeir vildu fara og sáu síðan að mestu sjálfir um að útvega vinnustaði til að vera á.

## 6. Faglegt starf og endurmenntun

Fag- og fræðslufundir voru haldnir á skólaárinu u.þ.b. mánaðarlega. Auk þess sinntu kennarar endurmenntun út frá sínu áhugasviði og áherslum í starfi. Nokkrir starfsmenn voru í skipulögðu námi í HA og HÍ, þá höfðu starfsmenn kost á að sækja námskeið og fræðslu á skólaárinu, sem boðið var upp á hjá fagfélögum og öðrum fagaðilum.



*Flóaskóli 2023-2024*

Í endurmenntun og skólaþróun var mest áhersla lögð á innleiðingu leiðsagnarnáms. Bókin *Leiðsagnarnám. Hvers vegna, hvernig, hvað?* Eftir Nönnu Kristínu Christiansen var þar lögð til grundvallar. Sótt var um styrk í Endurmenntunarsjóð til að halda áfram með þessa vinnu skólaárið 2024-2025.

Sótt var um styrk til Sprotasjóðs vegna *Teymiskennslu í aldursblönduðum nemendahópum* svo hægt væri að gefa því starfi rými og formfestu á komandi skólaári 2024-2025.

Farið var í námsferð á Vestfirði í lok apríl. Þar var farið í skólaheimsóknir og fengin kynning á LÆRVEST þróunarverkefni sem skólarnir á Vestfjörðum hafa verið í síðustu ár. Þar þar hæst samþættingu námsgreina, tæknivæðingu, tengsl við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og grunnþætti menntunar ásamt áherslu á leiðsagnarnám og gæðarýni á verkefni.

## 7. Mat á skólastarfi

Í október var Skólapúlsinn lagður fyrir alla nemendur í 6.-10.bekk.

Starfsmannakönnun skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar 2024.

Tengslakönnun var lögð fyrir nemendur bæði á haustönn og vorönn.

Lokið var við umbótaáætlun út frá ytra mati MMS og lokaskýrslu skilað í mars 2024.

Jafningja- og sjálfsmat kennara var unnið á vorönn. Kennarar voru paraðir saman, sátu kennslustundir hvor hjá öðrum og lögðu mat á skilgreinda þætti í kennslunni. Kennararnir hittust svo og ræddu matið. Jafnframt sinntu kennarar sjálfsmati á sömu þáttum í kennslu sinni.

Stjórnendateymi skólans heimsótti reglulega kennslustundir og mat skipulag og gæði kennslu. Mat var óformlegt en rætt við kennara í það minnsta eftir eina heimsókn hjá hverjum þeirra.

Flóahreppur, september, 2024

---

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

